

Tillaga Verkalýðsfélags Grindavíkur – Ársfundur Festu lífeyrissjóðs 2025

Tillaga til breytinga á grein 5.3.

- 5.3. Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykkt þessara. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Skipunartími fulltrúa er eitt ár í senn. Stéttarfélög sem að sjóðnum standa tilnefna alls 60 fulltrúa til setu í fulltrúaráði. ~~Fjöldi fulltrúa einstakra aðildarsamtaka skal vera í samræmi við vægi iðgjaldsgreiðslna félagsmanna þeirra til sjóðsins og skal það reiknað út annað hvert ár miðað við iðgjaldsgreiðslur félagsmanna hlutaðeigandi félaga næsta ár á undan og ákvarðar sá útreikningur fjölda fulltrúa einstakra aðildarfélaga/samtaka í fulltrúaráðinu næstu tvö ár þaðan í frá.~~ **Fjöldi fulltrúa einstakra aðildarsamtaka skal vera í samræmi við hlutfall fjölda félagsmanna þeirra sem greiða iðgjöld til sjóðsins og skal það reiknað út annað hvert ár miðað við næsta ár á undan og ákvarðar sá útreikningur fjölda fulltrúa einstakra aðildarfélaga/samtaka í fulltrúaráðinu næstu tvö ár þaðan í frá.** Samtök atvinnulífsins tilnefna allt að 60 fulltrúa til setu í ráðinu. Tilkynna skal um tilnefningu í fulltrúaráð minnst 14 dögum fyrir lok yfirstandandi skipunartímabils og öðlast tilnefning gildi við upphaf ársfundar og gildir fram að næsta ársfundi sjóðsins. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð tveggja annarra fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins og á ársfundi.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 5.3:

Verkalýðsfélagi Grindavíkur finnst eðlilegra að fulltrúafjöldinn ráðist af félagafjölda sem greiða iðgjöld til sjóðsins frekar en af upphæð iðgjaldagreiðslna einstakra félagsmanna. Breytingunni er ætlað að ákvarða fulltrúafjölda út frá fjölda félagsmanna óháð vægi iðgjalda og með því er leitast eftir að fjöldi fulltrúa endurspegli fjölda félagsmanna óháð tekjum, en þó þannig að tryggt sé að fulltrúar séu greiðendur til Festu lífeyrissjóðs.